

Reglur um tómstundaframlag fyrir börn og ungmenni á Fljótshálfaraði

Fljótshálfarhreppur leitast við að styðja við íþrótt- og tómstundaiðkun barna og ungmenna á aldrinum 4 -18 ára, sem lögheimili eiga í sveitarfélaginu, með tómstundaframlagi að upphæð 30.000 krónur á árinu 2020.

Markmið framlagsins er að hvetja börn og ungmenni til taka þátt í skipulögðu og heilbrigðu íþrótt- og tómstundastarfi við sitt hæfi, óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum.

Til skipulagðs íþrótt- og tómstundastarfs telst það starf sem nær yfir samtals 10 vikur að lágmarki og er undir leiðsögn hæfra þjálfara/starfsfólks/kennara, á vegum viðurkenndra félaga, fyrirtækja, skóla eða annarra stofnana sem reka slíka starfsemi í sveitarfélaginu. Undir það falla t.d. íþróttir, listir, tónlistarnám og námskeið eða starf á vegum annarra tómstundafélaga. Þá geta ungmenni á aldrinum 16-18 ára, þau sem útskrifuð eru úr grunnskóla, nýtt framlagið fyrir kostnaði vegna íþróttá á eigin vegum, svo sem í tækjasal eða sundlaug, þar sem ekki er um skipulagt starf að ræða.

Tómstundaframlagið gildir ekki sem greiðsla fyrir aðbúnað, ferðalög eða annan tilfallandi kostnað vegna keppni eða þjálfunar.

Ekki er um beingreiðslur að ræða, heldur hafa foreldrar og forráðafólk rétt til að ráðstafa tilgreindri upphæð í nafni barns síns til niðurgreiðslu á þátttöku- og æfingagjöldum auk korta í líkamsrækt og sund.

- Iðkendur eru skráðir í Nóra kerfið með rafrænum skilríkjum í gegnum heimasíðu sveitarfélagsins.
- Í skráningarferlingu, þar sem er m.a. gengið frá greiðslu námskeiðs eða annarra gjalda er hægt að velja að ráðstafa tómstundaframlagi iðkanda hjá viðkomandi félagi/deild/fyrirtæki rafrænt.
- Ekki er hægt að ráðstafa hærri upphæð en námskeiðið kostar. Ef upphæð námskeiðs er hærri en ráðstöfunin er mismunur greiddur til félagsins.
- Þegar þátttaka barns er staðfest fær viðkomandi félag/deild/fyrirtæki og Fljótshálfarhreppur staðfestingu þar um.
- Fljótshálfarhreppur greiðir tómstundaframlagið til viðkomandi íþróttafélags/deildar/fyrirtækis í byrjun hvers mánaðar fyrir skráð framlög mánuðinn á undan.
- Í kvittun til þátttakenda um námskeiðskostnað skal félag tilgreina hlut sveitarfélagsins í greiðslu vegna námskeiðsgjalds.
- Ónýtt tómstundaframlag flyst/geymist ekki milli ára.

Þau börn og ungmenni sem búa í a.m.k. 5 km fjarlægð frá þéttbýlismörkum sveitarfélagsins fá að auki 5.000 króna styrk árlega til að koma til móts við kostnað við akstur. Til að sækja þennan styrk þarf að fylla út umsóknareyðublað á heimasíðu Fljótshálfarhrepps.



FLJÓTSDALSHÉRAÐ



HEILSUEFLANDI
samfélag

Ágreiningi vegna afgreiðslu tómsundaframlags má skjóta til íþróttá- og tómsundanefndar sem sker úr um þau. Tómsundaframlag til barna og unglunga er í umsjón verkefnastjóra íþróttá-, tómsunda- og forvarnamála sem veitir nánari upplýsingar á tomstundir@egilsstadir.is

Tómsundaframlag skal endurskoðað árlega í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar.

Samþykkt í bæjarstjórn Fljótisdalshéraðs, 1. apríl 2020